

Fundur haldinn í skipulags- bygginga- og hafnarnefnd Reykhólahrepps mánudaginn 30. júní 2008 kl. 15:00.

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Eiríkur Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson, Bogi Kristinsson, Ingimundur Grétarsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Dagskrá:

1. Kosning formanns og varaformanns.
Sveinn Ragnarsson kosin formaður og Egill Sigurgeirsson varaformaður.
2. Umsókn dags. 30. júní 2008 frá Ebenezer Jenssýni, fyrir hönd eiganda, um leyf til að rífa hlöðu (212-2574-10) og fjárhús (212-2574-09) á Skáldstöðum. Samþykkt.
3. Umsókn dags. 13. maí 2008 frá Jóhanni Bergþórssýni um leyfi til að rífa fjárhús, hlöðu og hesthús á Kollabúðum. Samþykkt.
4. Umsókn dags. 18. júní 2008 frá Þórði Jónssýni um leyfi til að leggja nýjan veg fram Bæjardal að Lambavötnum. Afgreiðslu frestað þar til uppdráttur hefur borist.
5. Bréf dags. 13. júní 2008 frá Ólafi Hauki Jónssýni með umsókn um stöðuleyfi fyrir kofa í landi Hafrahlíðar í Reykhólahreppi. Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:35.

Sveinn Ragnarsson (sign)
Eiríkur Kristjánsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Bogi Kristinsson (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)